

Nýir Kerhraunararar – innilega velkomnir!

Hér fyrir neðan er að finna ýmsar gagnlegar upplýsingar sem stjórn hvetur ykkur til að lesa vel. Ef upp koma spurningar eða athugasemdir þá endilega hafið samband á netfangið hér að neðan.

Við undirritun kaupsamnings:

Áður en kaupandi af sumarhúsi skrifar undir kaupsamninginn þá á fasteignasalinn að sjá til þess að engin gjöld hvíli á eigninni.

Eftir undirritun á fasteignasalinn að tilkynna nýjan eiganda á kerhraun@kerhraun.is með nafni, kt., heimilsfangi, stað, netfangi og gsm.

Upplýsingar á fasteignasali að fá frá seljanda ásamt því að sjá til þess að nýr eigandi fái afhentar fjarstýringar af hliðinu sem fyrrverandi eigandi átti að öllum líkindum. Eftir að tölvupóstur hefur borist hefur stjórnarmaður samband við nýjan eiganda og í gang fer ferli sem felst í því að skrá allar upplýsingar í gagnagrunn heimasíðunnar, veita aðgang að innra neti og rafmagnshliðinu inn á svæðið.



Sumarhúsafélag og stjórn:

Í Kerhrauni er samkvæmt lögum starfandi sumarhúsafélag. Stjórnin er skipuð fimm félagsmönnum og hlutverk hennar er m.a. að halda utan um hagsmunamál félagsins, vinna eftir gildandi framkvæmdaáætlun sem samþykkt er á aðalfundi ár hvert og vera tengiliður við hreppinn og ýmsa þjónustuaðila. Til að ná sambandi við stjórn er best að nýta netföngin formadur@kerhraun.is eða kerhraun@kerhraun.is.

Heimasíða:

Félagið heldur út heimasíðu, <http://www.kerhraun.is> með gagnlegum upplýsingum fyrir félagsmenn, m.a. um félagið, hlutverk þess og stjórn og við hvetjum alla til að kynna sér vel það sem þar stendur. Fyrir utan almennu síðuna er innri síða en inn á hana þarf sérstakt aðgangsorð sem fulltrúi stjórnar afhendir nýjum eigendum.

Félagatal:

Á innra svæðinu á heimasíðunni er að finna skrá yfir alla féлага, heimilisföng, stað símanúmer og netföng. Fulltrúi stjórnar heldur utan um að uppfæra skána og leitar eftir nauðsynlegum upplýsingum hjá nýjum félögum eins og kom fram hér að ofan.

Umgengnisreglur:

Á heimsíðunni er að finna sérstakar reglur um umgengni á svæðinu. Við í Kerhrauni viljum t.d. virða umgengnisreglurnar, uppgefinn hámarkshraða á svæðinu og þungatakmarkanir. Þungatakmarkanir gilda frá 1. apríl til 20. maí, nema annað sé ákveðið og þá auglýst meðal félagsmanna. Það er stranglega bannað að fara með þungar vélar, tæki eða bíla inn á svæðið á þessum tíma og er lóðareigandi ábyrgur fyrir tjóni.

Snjómokstur:

Árlega semur stjórn Kerhrauns við verktaka sem tekur að sér að sjá um snjómokstur á svæðinu. Á heimasíðunni eru auglýstar þær helgar sem eru mokaðar, þær reglur sem gilda um moksturinn og nafn og símanúmer þess sem moka. Félagsmenn geta haft beint samband við viðkomandi ef þeir óska eftir að heimkeyrslur verði mokaðar og greitt sérstaklega fyrir það. Stefnan er að samnýta snjómokstur á Samlagsvegi og innan sumarhúsasvæða.

Hitaveita:

Langflest hús í Kerhrauni eru tengd Hitaveitu Hæðarenda. Eigandi og rekstraraðili er Sigurður Jónsson sími: 899-9671. Ef upp koma spurningar eða athugasemdir er rétt að snúa sér beint til hans.

Samlagsvegur:

Vegurinn frá Biskupstungnabrautinni og að Seyðishólunum er kallaður Samlagsvegur. Hann er nýttur af þeim sumarhúsafélögum sem eiga aðkomu frá veginum. Vegurinn er samlagsvegur þ.e. uppbygging og viðhald er sameiginlegt og í höndum sérstakrar stjórnar. Stjórnin er skipuð fulltrúum sumarhúsafélaganna sem nýta veginn.

Fésbókarsíður:

Á fésbókinni eru tveir hópar sem tilheyra Kerhrauni. Annars vegar er almennur hópur félagsmanna sem heitir *Kerhraunarar* en hin er hugsuð fyrir upplýsingar um vetrarfærð og snjómokstur og kallast *Snjómokstur Kerhraun / Kerbyggð*.

Hlið:

Kerhraun er afgirt svæði með rafmagnshliði. Til að komast inn á svæðið þarf að hafa skráð gsm númer, fjarstýringu eða Vipin app.

Myndavél:

Rétt við hliðið er staðsett myndavél sem snýr inn í Kerhraunið og beinist m.a. að vinpokanum, gefur hugmynd um veður og færð.

Neyðarnúmer:

Við hvetjum alla til að fá sér svona númer - pöntungarsími 5813200.



Sameiginleg svæði:

Innan Kerhrauns eru tvö sameiginleg svæði sem eru skipulögð sem útivistarsvæði – sjá yfirlitsmynd af svæðinu á heimasíðunni undir linknum *Skipulag*. Á öðru svæðinu er að finna skipulagt leiksvæði fyrir börn, göngustíga og þar hefur verið plantað trjám undanfarin ár. Hitt svæðið, sem kallast „Gilið“ er m.a. notað þegar Kerhraunarar koma saman um Verslunarmannahelgina.

Dósasöfnun og trjárækt:

Á gámasvæðinu, á beina kaflanum innan við hliðið, er að finna dóslagám. Félagsmenn stuðla að trjáræktinni með því að skila dósnum í gáminn sem síðan er farið með í endurvinnslu. Allur ágóði af dósasöfnuninni fer í að kaupa tré fyrir félagið.



Kerbúðin:

Rétt innan við hliðið stendur lítið hús eða Kerbúðin. Á sumrin er starfrækt þar verslun með vörum sem félagsmenn framleiða eða vilja selja.

Gámastöð Seyðishólum:

Í Grímsnesi- og Grafningshreppi gilda ákv. reglur um flokkun á heimilissorpi og um skil á gjaldskyldum úrgangi. Á heimasíðu hreppsins – <http://www.gogg.is> er að finna upplýsingar um opnunartíma og gildandi reglur. Á heimasíðu og fésbókarsíðu okkar í Kerhrauni er einnig að finna reglur um flokkun á heimilissorpi. Hver húseigandi ber alfarið ábyrgð á að koma flokkuðu heimilissorpi á gámastöð.

Hreppurinn:

Á heimasíðu Grímsnes og Grafningshrepps, <http://www.gogg.is> er að finna upplýsingar um þá þjónustu sem hreppurinn veitir, skipulagsmál o.fl.

